

# Advania - gagnaver - annar áfangi



ÍAV byggir gagnaver fyrir Advania, Mjólnir 3.

Þetta verkefni er áfangi 2, í byggingu gagnavera fyrir Advania á Ásbrú, í Reykjanesbæ og kemur í beinu framhaldi af áfanga 1, sem var bygging gagnavera Mjölni 1 & 2.

Byggingin sem hér um ræðir er 1300m<sup>2</sup> límtrésbygging, klædd með yleiningum og lituðu bárujárni og mun hýsa um 1500 netþjóna og 95m<sup>2</sup> starfsmannaaðstöðu og verkstæði.

Í miðjubili verða 2 dreifistöðvar, með 2 spennum hver og er orkuþörf gagnaversins um 4,5 MW.

